

**Ed.**

**304. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járn-sand (Volcanic sand. Þskj. 674).

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. 5 manna nefnd athugaði það þar og samdi um það einróma álit (sjá þskj. 511).

Nefndin, sem háttv. Ed. fól málið, hefir ihugað það. Hún telur augljóst, að framkvæmd þess fyrirtækis, sem hjer ræðir um, geti veitt landinu miklar tekjur — beinar og óbeinar, og einstökum hjeruðum ómetanlegt gagn. Á hinn bóginn fær hún ekki sjeð, að nokkur hætta geti stafað af því að veita einkaleyfi samkvæmt frumvarpinu. Hún telur því varhugavert að sleppa því tækifæri, sem hjer býðst, ef leyfið yrði veitt og notað, og ræður háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 6. sept. 1915.

Karl Einarsson,  
form.

Karl Finnbogason,  
skrifari.

Sigurður Stefánsson.  
með fyrirvara.